Bekkur: 8. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Lykilhæfni: Þættir sem hafa áhrif á námsmat eru:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi

- **Menningarlæs**i: Tengist öllum efnisþáttunum.
- **Námshæfn**i: Tengist öllum efnisþáttunum.

Efnisþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi geti: • Hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum,Tekið þátt í umræðum /fundum • Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar • Sýnt viðeigandi hegðun og kurteisi gagnvart viðmælendum • Gert grein fyrir þekkingu sinni og reynslu og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir frammi fyrir hópi • Kynnt verkefni fyrir bekknum (t.d. með PowerPoint) • Nýtt sér myndefni og stafrænt efni á gagnrýninn hátt og greint frá aðalatriðum þess.	• Áhorf • Umræður • Einstaklingsvinna • Hópavinna	• Fjölbreytt námsmat
Lestur og bókmenntir	Nemandi geti: • Lesið bók að eigin vali - valið og lesið sér til gagns og ánægju	• Innlagnir • Umræður • Einstaklingsvinna • Hópavinna	• Fjölbreytt námsmat

	fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra. • Lesið bók sem skóli velur • Lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt, • Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi, • Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir, • Lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta, • Skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýninn hátt,	• Heimalestur • Yndislestur	
Málfræði	Nemandi geti: • Þekkir fallorð: Nafnorð, greinir, fornöfn, lýsingarorð, töluorð • Fallbeygt: Nefnifall, þolfall, þágufall, eignarfall	• Innlögn • Æfingar • Einstaklingsvinna • Hópavinna • umræður	• Fjölbreytt námsmat
Ritun	• Miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnarlausan innslátt á lyklaborð og gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum, • Skrifað texta þar sem málsgreinar	• Innlögn • Ritunaræfingar	• Fjölbreytt námsmat

	eru fjölbreyttar og texta er skipt upp í efnisgreinar, • Skrifað ritgerð (1000 orð) samkvæmt leiðbeiningum varðandi: Forsíðu, inngang, meginmál, lokaorð • Beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi. • Skrifað stutta frásögn um eitthvað hugðarefni - tjáð hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta, metið, mótað og endurskrifað með hliðsjón af hjálpargögnum,		